

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Slysatryggingarsjóð Ungmennafélags Njarðvíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysatryggingarsjóð Ungmennafélags Njarðvíkur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Slysatryggingarsjóður Ungmennafélags Njarðvíkur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að tryggja íþróttafólk, sem keppir á vegum Ungmennafélags Njarðvíkur, gegn hvers konar slysum við íþróttæfingar, sýningar og á íþróttamótum.

Sjóðnum skal ennfremur heimilt að greiða fyrir kaup á tækjabúnaði, sem notaður er fyrir skyndihjálp vegna meiðsla íþróttafólks, sem æfir eða keppir á vegum félagsins.

3. gr.

Tekjur sínar fær sjóðurinn á þann hátt, að af öllum íþróttasýningum, kapp-leikjum og mótum, utan húss eða innan, sem háð eru á vegum UMFN, skal greiða 5% — fimm af hundraði — af óskiptum aðgangseyri.

Þegar félag eða bandalag, sem ekki á lögheimili í Njarðvíkurbæ, er aðili að keppni eða sýningum, sem fram fara á félagssvæðinu, er stjórn sjóðsins heimilt að semja um helmingaskipti tekna skv. fyrri málsgrein, enda séu slíkir samningar gagnkvæmir og viðkomandi félög aðilar að slysatryggingarsjóði, viðurkenndum af Í. S. Í.

4. gr.

Slys skal tilkynna innan tveggja mánaða frá slysadegi. Strax og vitað er um útlagðan kostnað og launatap hins slasaða, skal sækja um bætur úr sjóðnum og eigi síðar en 3 mánuðum eftir slysið, ella fellur bótaréttur niður.

Óheimilt er að úrskurða bætur eftir umsóknum, sem ekki gefa fullnægjandi upplýsingar samkv. umsóknareyðublöðum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins úrskurðar um bótarétt og bótafjárhæð svo fljótt sem kostur er á. Skál bótaþegum gefinn kostur á, að fá bætur greiddar vikulega.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa á.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bæturnar á ný, ef rökstudd umsókn berst.

6. gr.

Bætur úr sjóðnum geta orðið tvenns konar:

- a. Dagpeningar.
- b. Sjúkrakostnaður.

Dagpeningar greiðast því aðeins, að hinn slasaði verði af launum vegna slysa og frá þeim degi, er launatekjur hans falla að fullu niður.

Dagpeningar greiðast þar til hinn slasaði verður vinnufær að nýju, þó aldrei lengur en 90 daga samfellt í hverju einstöku tilfalli. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddar lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum. Sjúkrakostnaður sá, sem sjóðurinn greiðir, er hvers konar útlagður kostnaður, sem af slysinu leiðir og hinn slasaði fær ekki greiddan af sjúkrasamlagi eða öðrum aðilum, enda sé reikningum framvísað án ástæðulausrar tafar.

7. gr.

Eigi bótaþegi bótakröfur á hendur manni eða stofnun vegna slyssins, eignast sjóðurinn endurkröfurétt á bótum greiddum úr sjóðnum vegna slyss þessa og þarf ekki framsal kröfuréttar.

8. gr.

Slysatryggingarsjóðurinn skal jafnan vera undir stjórn og umsjá stjórnar UMFN. Fé sjóðsins skal ávaxta í opinberum bönkum eða sparisjóðum, svo og með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er sjóðnum að veita skammtímalán til einstakra deilda félagsins, enda séu slík lán ekki umfram greiðslugetu hlutaðeigandi deildar, samkvæmt mati aðalstjórnar félagsins.

9. gr.

Þar til höfuðstóll slysatryggingarsjóðsins hefir náð kr. 3 000 000.00 skal árlega lagt við höfuðstólinn, sem svarar a. m. k. vaxtatekjum reikningsársins. Höfuðstólinn má eigi skerða.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn leggja fram endurskoðaða ársreikninga hans á aðalfundi UMFN. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur UMFN.

11. gr.

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á aðalfundi UMFN og þarf til þess einfaldan meirihluta atkvæða.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á reglugerð þessari svo og á breytingum ef gerðar verða.

12. gr.

Hætti sjóðurinn starfsemi sinni, þá skulu eignir hans ganga til Sjúkrasamlags Njarðvíkur, eða annarrar hliðstæðrar stofnunar á félagssvæðinu. Slík ráðstöfun, með eignir sjóðsins, skal háð samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. apríl 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Erlusjóður.

Stofnendur sjóðsins eru börn Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).